



Alþingi
Umhverfis- og samgögnunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 10. júní 2015
HÁP

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrri árin 2015 - 2018

Í framhaldi af fundi umhverfis- og samgögnunefndar Alþingis þann 5. júní gerir SSH eftirfarandi umsögn.

SSH vekur athygli á að samkvæmt tillögunni er um talsverða lækkun á framlagi til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu frá samningi innanríkis- og fjármálaráðuneytisins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Upphæðin er einungis 87% af því sem ráð hefur verið gert.

Samningurinn var undirritaður í september 2012. Hann er settur upp sem 10 ára þróunarverkefni um að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum. Í samningnum er gert ráð fyrir að til SSH renni árlega 90% af heildarupphæð sem ætluð er til að styrkja almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þau 10% sem eftir eru renna til nágretta landshluta og eru liður í því að efla almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn kveður á um að árleg styrkfjárhæðin til SSH sé 900 mkr. sem taki breytingum í samræmi við svo kallað strætóvísitölu¹.

Miðað við breytingar á á strætóvísitölunni frá 1. september 2012 ætti heildarframlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu að vera að 1.030 mkr. og hlutdeild SSH 927 mkr. Miðað við þingsályktunartillöguna verður hlutdeild SSH 806 mkr. Ekki er hægt að sjá neina umfjöllum sem skýrir af hverju lækka beri fjárhæðina. Samningurinn kveður á um að árangursmat skuli gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt árangursmati SSH frá 2014 lágu fyrir greinagóðar vísendingar um jákvæðan árangur eftir fyrstu tvö árin. Annað árangursmat verður gert á næsta ári en þá er 2/5 af verkefnistímanum liðin. Þá ætti að gefast góð mynd af stöðu mála og jafnframt hægt að meta hvort ástæða sé að breyta forsendum samningsins.

SSH bendir á að um langtímaverkefni er að ræða sem krefst úthalds og stöðugleika. Það er því óheppilegt ef það fjármagn sem reiknað er með í aðgerðir hjá Strætó Bs. skilar sér ekki. SSH leggur því til við umhverfis- og samgögnunefnd að árlegt framlag til almenningssamgangna verði hækkað úr 896 mkr. í 1.030.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell A. Proppé

¹ Hm svo kallaða Strætóvísitala er samsett úr þremur þáttum a) 1% breyting á launavísitölu breytir styrkfjárhæð um 0,48%, b) 1% breyting á vísitölu díselolíu breytir styrkfjárhæð um 0,22% og c) 1% breyting á vísitölu neysliverðs breytir styrkfjárhæð um 0,30%.

svæðisskipulagsstjóri